



Hvalrekinn

Júní 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Um leið og við þökkum fyrir veturinn þá vonum við að þið hafið það gott í sumar. Hér koma nokkrar upplýsingar sem gott er að hafa hjá sér.

Skólasetning Hvaleyrarskóla verður þriðjudaginn 22. ágúst á sal skólans og eru foreldrar hvattir til að mæta með börnum sínum á skólasetninguna sem hér segir:

- Kl. 8:30 Nemendur í 2., 3. og 4. bekk
- Kl. 9:15 Nemendur í 5., 6. og 7. bekk
- Kl. 10:00 Nemendur í 8., 9. og 10. be.

Nemendur í 1. bekk eru með sérstöku bréfi boðaðir til viðtals hjá umsjónarkennara þriðjudaginn 22. ágúst.

Að lokinni skólasetningu fara nemendur og foreldrar með umsjónarkennara í heimastofu og fá afhenta stundaskrá og aðrar upplýsingar.

Kennsla hefst hjá öllum nemendum skólans miðvikudaginn 23. ágúst.

Foreldrar nemenda í 1. bekk eru hvattir til að mæta með börnum sínum í upphafi fyrsta skóladags. Skólasetning hjá 1. bekk er á sal skólans miðvikudaginn 23. ágúst kl. 8:20.

Ritfangalistar/innkaupalistar



Ákveðið hefur verið í samráði við kennara skólans og stjórn foreldrafélagsins að hafa sama fyrirkomulag og í fyrra að skólinn muni kaupa þau námsgögn sem nemendur þurfa að nota í skólanum. Þannig að allur efniviður verði til staðar fyrir nemendur eins og stíla- og reikningsbækur, blýantar, gráðubogar, litir, lím og fleira. Leitað hefur verið eftir tilboðum og verið er að bera saman verð og gæði. Þetta mun gilda fyrir alla árganga skólans. Efnisgjaldið þarf að greiða í ágúst/september og verður upphæðin send til ykkar foreldra í kringum skólasetninguna.

Við komum til með að nýta þau námsgögn sem ekki voru notuð á síðasta skólaári

Haustfundir með foreldrum

Haldnir verða kynningarfundir í byrjun næsta skólaárs. Byrjað verður á sal skólans þar sem meðal annars verður farið yfir nýjar áherslur í námi og námsmati samkvæmt aðalnámskrá, samskiptavefinn Mentor og ýmsar

sameiginlegar reglur. Að því loknu fara foreldrar með umsjónarkennurum barna sinna í þeirra heima stofur þar sem umsjónarkennarar fara yfir ýmis atriði sem við kemur bekkjarstarfinu.

Fundirnir verða sem hér segir:

- 2., 3. og 4. bekkur miðvikudaginn 13. september kl. 8:20 – 9:30.
- 5., 6. og 7. bekkur fimmtudaginn 14. september kl. 8:20 – 9:30.
- 8., 9. og 10. bekkur þriðjudaginn 12. september kl. 8:20 – 9:30.

Mataráskrift skólaárið 2017-2018



Í upphafi skólaárs þarf að skrá öll börn í mataráskrift í gegnum heimasíðu Skólaaks, sjá vefslóð:

<https://skolaaskur.is/> og

geta aðstandendur skráð nemendur í mataráskrift.

Með bestu kveðjum,
Skólástjórndendur.